

renna *so. sb.-3 – drekka*
[rann, runnum, runnið]

– ég rann í hálkunni

‡ • renna (so vb); hlaupa

líkam·i *kk. – tími*
[-a, -ar]

– hann er hraustur á líkama og sál

‡ • lík

veður *hk. – hús R B*
[-s, -]

– það var gott veður í dag

‡ veðr

veik·ur *lo. – gulur*
[-, -t; -ari, -astur]

– er hún alvarlega veik?

‡ veikr

áfram *ao.*

– höldum áfram!

‡ • fram; framundan, framvegis, áfram

sækja *so. vb.-ór.*
[sótti, sóttum, sótt]

– viltu sækja pakkann á
pósthúsið?

‡ sækja • heimsækja; sókn, heimsókn, rannsókn

vetur *kk. – R B*
[vetrar, vetur]

– það hefur snjóað mikið í vetur

‡ vetr « sumar

auðveld·ur *lo. – gulur*
[-, auðvelt; -ari, -astur]

– þetta er auðvelt verkefni

‡ auðveldr • auðvitað » einfaldur « erfiður

þannig *ao.*

– þú verður að skrifa skýrt þannig
að ég geti lesið það

‡

lei·ða *so. vb.-i – heyra*
[-ddi]

– hann leiddi krakkana yfir götuna
– mér leiðist þegar ég er ein
heima

‡ • leið, hugleiða, afleiðing

koll·ur *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– hann kinkaði kolli

‡ kollr

kyrr *lo. – gulur R*
[-, -t; -ari, -astur]

– farþegarnir þurfa að sitja kyrrir í
sætunum

‡

(á) meðan *st./ao.*

– bíddu á meðan ég sæki jakkann
minn!

‡ • meðal

lær·a *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– ég er að læra íslensku

‡ » nema

eldhús *hk. – hús*
[-s, -]

– glösin og bollarnir eru í
eldhúsinu

‡ • eldur, hús, húsgögn, leikhús, pósthús,
sjúkrahús, veitingahús

fund·ur *kk. – dalur*
[-ar, -ir]

– ég fer á fund í kvöld

‡ fundr • finna